

Fundargerð 247. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 13. apríl 2021
Fundartími: 13:00 – 16:35
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hrafinkell Guðnason varaoddviti
Margrét Jónsdóttir
Rósa Matthíasdóttir
Sigurður Ingi Sigurðsson
Auðunn Guðjónsson KPMG undir lið nr. 20
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við fundargerðum samstarfshóps um skipulag Suður hálandis nr. 5 og 6 dags. 02.02.2021 og 23.03.2021. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð. Önnur mál: Erindi frá Atvinnu- og umhverfisnefnd – umhverfismál. Liðurinn Trúnaðarmál fellur niður.

Dagskrá:

1. Heimild til til fjárfundar, sbr. ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 30. mars 2021

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna í þjóðfélaginu, sem orsakast af COVID-19 samþykkir Sveitarstjórn Flóahrepps eftirfarandi: Á meðan miklar samkomutakmarkanir eru í gildi í samfélaginu, verður fyrirkomulag funda sveitarstjórnar Flóahrepps fjárfundur, þar sem búnaður “Teams” er notaður. Sveitarstjórn Flóahrepps nýtir sér heimild sem auglýst hefur verið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þann 30. mars 2021, sbr. Þingskjal 1154, á 151. Lögjafarþingi 478. mál: breytingar á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (sveitarfélög og kórónuveirufaraldur).

*Lög nr. 22, 26. mars 2021. Breyting á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011
Samþykkt með 5 atkvæðum.*

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 213, dags. dags. 10.03.2021

a) Hallandi L166310 – 166315 1 – 11; Frístundasvæði; Deiliskipulag – 2010098

Lögð er fram deiliskipulagstillaga fyrir frístundasvæði að Hallanda í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst afmörkun á legu lóða og byggingareiti og skilgreining á byggingarheimildum innan svæðisins. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og hefur verið brugðist við athugasemdum innan greinargerðar og á uppdrætti skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu málsins. Mælt er til þess að byggingarskilmálar deiliskipulagsins er varðar sameiginlegt byggingarmagn lóðarpars verði skoðaðir með ítarlegri hætti. Skipulagsfulltrúa falið að annast samskipti við umsækjanda.

Þar sem skipulagsfulltrúa hefur verið falið að skoða betur með landeigendum mögulegt byggingarmagn á svæðinu þá frestar sveitarstjórn Flóahrepps afgreiðslu málsins þar til niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Súluholt L166385; Geymsla malbiks; Framkvæmdaleyfi – 2103022

Lögð er fram umsókn frá Súluholti ehf. vegna framkvæmdaleyfis í landi Súluholts. Í umsókninni felst beiðni um útgáfu framkvæmdaleyfis til að geyma og endurvinna malbik innan efnistöku- og efnislosunarsvæðis E13.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framkvæmdaleyfi verði veitt á grundvelli heimilda aðalskipulags með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar á grundvelli 44. gr. skipulagslaga.

Lögð er fram umsókn frá Súluholti ehf. um framkvæmdaleyfi til þess að geyma og endurvinna malbik innan efnistöku og losunarsvæðis E13.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir veitingu leyfisins með fyrirvara um niðurstöður grenndarkynningar á grundvelli 44. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram á grundvelli þessarar bókunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Afgreiðslur byggingarfulltrúa n- 21 – 138 – 2102004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags.

3. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 214, dags. 24.03.2021

a) Laugardælur; Endurnýjun hitaveitustofnlagnar; Framkvæmdaleyfi – 2103040

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Selfossveitum bs. er varðar endurnýjun á hitaveitustofnlögnum frá Laugardælum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli aðalskipulags Flóahrepps kafla 2.7.2.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar á hitaveitustofnlögn Selfossveitna bs. frá Laugardælum í Flóahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags Flóahrepps kafla 2.7.2.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Arnarstaðakot L166219; Nýtt deiliskipulag; Fyrirspurn 2103037

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar frá Gunnari Karli Ársælssyni er varðar tillögu að deiliskipulagi í landi Arnarstaðakots í Flóahreppi í samræmi við meðfylgjandi gögn.

Skipulagsnefnd UTU telur að svo umfangsmikil skilgreining íbúðarhúsaloða á landbúnaðarsvæði sé umfram núverandi heimildir aðalskipulags Flóahrepps er varðar íbúðarhúsaloðir á landbúnaðarsvæðum. Telur nefndin að skilgreina þyrfti íbúðarhúsasvæði á aðalskipulagi fyrir viðlíka uppbyggingu. Það er gegn núverandi stefnu aðalskipulags Flóahrepps þar sem ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu nýrra íbúðarhúsasvæða innan sveitarfélagsins umfram þau svæði sem fyrir eru skilgreind. Sé sveitarstjórn jákvæð fyrir erindinu hvetur nefndin til þess að stefna og forsendur er varðar íbúðarhúsabyggð í aðalskipulagi Flóahrepps verði tekin til endurskoðunar. Nefndin er að öðru leyti jákvæð gagnvart uppbyggingu á svæðinu og telur að staðsetning þessara hugmynda sé góð út frá fjarlægð í helstu þjónustu og stofnvegum.

Lögð er fram fyrirspurn frá Gunnari Karli Ársælssyni þar sem gerð er grein fyrir áhuga landeigenda í Arnarstaðakoti á að skipuleggja búgarðabyggð á þeim hluta jarðarinnar sem liggur að heimreið að Arnarstöðum /Arnarstaðakoti og Suðurlandsvegi.

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir með skipulagsnefnd hvað varðar staðsetningu uppbyggingar með tilliti til fjarlægðar frá helstu þjónustu og stofnvegum. Fyrirvari er gerður vegna stærðar lóða með tilliti til þess að þar er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús og hús fyrir allar tegundir bústofns. Ekki verður t.d. hægt að reikna með að á einum hektara lands rúmist með góðu móti mikið búfjárhald ef horft er til markmiða sveitarfélagsins um sjálfbærni. Skýrari línur þurfa að liggja fyrir varðandi fjölda lóða sem fyrirhugað er að byggja á þeim 25 – 30 hekturum sem um ræðir í greinargerð. Einnig þarf að skoða nánar veitukerfi sveitarfélagsins og möguleika þeirra til viðbóta. Afgreiðslu frestað þar til skýrari gögn hafa verið sett fram um fjölda lóða, fyrirhuguð byggingaráform og byggingarmagn á hverri lóð.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Krækishólar lóð L166421; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2103050

Lögð er fram umsókn frá Nuuk ehf og Atla Lillendahl er varðar breytingu á deiliskipulagi Krækishóla L166421. Í breytingunni felst stækkun skipulagssvæðisins sem skal taka til spildunnar í heild sinni. Svæðið er skilgreint sem frístundabyggð í aðalskipulagi. Eftir breytingu verða 13 frístundalóðir innan deiliskipulagsins. Á hverri lóð er heimilt að reisa eitt sumarhús á allt að tveimur hæðum og 1 gestahús, samanlagt allt að 160 fm. Þar af er gestahús að hámarki 40 fm. Hámarkshæð sumarhúss í mæni er 6 metrar frá gólfplötu og 4 metrar á gestahúsi. Mænisstefna er frjáls og þakhalli á bilinu 0-45°.

Skipulagsnefnd UTU frestar afgreiðslu málsins. Mælt er til þess að vegtegning að lóðum vestan skipulagssvæðisins verði skoðuð í samhengi við gerð deiliskipulagsins.

Lögð er fram umsókn frá Nuuk ehf og Atla Lillendahl er varðar breytingu á deiliskipulagi Krækishóla L166421. Í fyrirliggjandi gögnum með umsókninni kemur fram að óskað er eftir heimild fyrir 13 frístundalóðum á svæði sem í heild sinni er skilgreint sem frístundabyggð. Afgreiðslu málsins frestað þar til liggur fyrir afstaða umsækjanda til aðgengismála aðliggjandi landeigna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Skyggvir L197781; Deiliskipulag – 2011086

Lagt er fram deiliskipulag fyrir lóð Skyggvirs L197781 eftir auglýsingu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Brugðist hefur verið við athugasemdum innan deiliskipulagstillögunnar. Fjallað er um breytingar eftir auglýsingu innan greinargerðar skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð fram umsókn um samþykki á deiliskipulagi fyrir Skyggvi L197781 sem auglýst hefur verið til umsagnar. Athugasemdir bárust en búið er að taka tillit til þeirra. Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa deiliskipulagið í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. - 21 – 139 – 2103002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa dags.

4. Erindi frá Skipulagsstofnun – Svarhólsvöllur umsögn, mat á umhverfisáhrifum

Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun er varðar umsögn Flóahrepps vegna ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Svarhólsvallar.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að innan fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórnin telur að framkvæmd á grundvelli framlagðra gagna sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin getur verið háð útgáfu framkvæmdaleyfis og eftir atvikum byggingarleyfa. Sveitarstjórn telur framkvæmdina rúmast innan skilmála aðal- og deiliskipulags fyrir svæðið.

Bókun sveitarstjórnar samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Skipulagsmál á skólalóð – samningur

Lagður fram samningur á grundvelli innsends tilboðs milli Eflu verkfræðistofu og Flóahrepps um vinnu vegna þarfagreiningar og við endurskipulagningu skólalóðar Flóaskóla sbr. lið nr. 10 á 246. fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn með 5 atkvæðum og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

- 6. Innkaupastefna Flóahrepps – fyrri umræða**
Lögð fram til kynningar tillaga að innkaupastefnu Flóahrepps. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
Samþykkt með 5 atkvæðum
- 7. Áskorun frá Bændasamtökum Íslands – innlend matvæli í skólamáltíðir**
Lagt er fram erindi frá Bændasamtökum Íslands þar sem sveitarfélög eru hvött til þess að snúa sér til innlendra matvælaframleiðenda við innkaup á vegum þeirra.
Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og beinir þeim tilmælum til matráða og annarra þeirra sem sinna innkaupum fyrir Flóahrepp að hafa í huga markmið sveitarfélagsins um sjálfbærni svæðis og hreinleika afurða við ákvarðanatöku varðandi innkaup.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 8. Lausaganga búfjár í Flóahreppi – ábyrgð eigenda**
Lagt fram erindi frá Árna Eiríkssyni oddvita Flóahrepps það sem vakin er athygli á ábyrgð búfjáreigenda á vörslu búfjár í þeirra eigu.
Sveitarstjórn Flóahrepps vísar í innihald erindis sem birt er á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt öðrum gögnum fundarins og brýnir búfjáreigendur til tryggrar vörslu síns búfjár svo hér geti allir búið í þokkalegri sátt hvað það varðar. Sveitarstjórn brýnir einnig fyrir hrossaeigendum að axla ábyrgð á hrossarekstrum þannig að rekstur lausra hrossa valdi ekki skemmdum eða íbúum óþægindum. Einnig eru allir vegfarendur hvattir til þess að sýna tillitssemi.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 9. Samningur um refaveiðar í Flóahreppi**
Lagður fram samningur Flóahrepps kt. 600606-1310 við Birgi Örn Arnarson kt. 110375-3339 um refaveiðar í Flóahreppi sumarið 2021.
Samningurinn er samþykktur með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita fyrir hönd Flóahrepps
- 10. Vinnuskóli Flóahrepps 2021**
Vinnuskóli Flóahrepps verður starfræktur frá 7. júní – 23. júlí eða í 7 vikur og er opinn mánudaga til fimmtudaga fyrir unglínga sem eiga lögheimili í Flóahreppi.
Fjórar umsóknir hafa borist um flokkstjórn. Gengið hefur verið frá ráðningu Kristínar Lilju Sigurjónsdóttur um verkefni yfirflokkstjóra. Ráðning annarra flokkstjóra mun fara fram í samráði við Kristínu Lilju og umsjónarmann fasteigna.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 11. Fasteignagjöld – reglur Flóahrepps um innheimtu dráttarvaxta v. tekjufalls skv. uppl. frá RSK**
Rætt um álagningu og innheimtu fasteignagjalda og þann vanda sem fyrirtæki glíma við vegna Covid 19. Sveitarstjórn Flóahrepps ræddi málið ítarlega. Minnt var á að við ákvörðun um álagningarhlutfall fasteignagjalda í C- stofni fyrir árið 2021 var álagningarhlutfall í C stofni lækkað úr 1,65 % í 1,50 % frá fyrra ári m.a. til þess að mæta þessum vanda af hálfu sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að skoða með lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga hvað tiltekna reglur um mögulega niðurfellingu eða lækkun dráttarvaxta þurfa að innifela til þess að jafnræðis sé gætt meðal fyrirtækja í samfélaginu. Skilyrði fyrir lækkun dráttarvaxta yrði að vera að fyrir liggi staðfesting frá RSK um verulegt greiðslufall skv. viðmiðum RSK þar um.
Samþykkt var að fresta afgreiðslu á reglum Flóahrepps þar til álit lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga liggur fyrir.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 12. Frá Félagsmálaráðuneytinu – efling félagsstarfs ungmenna og eldri borgara**
Lögð fram gögn frá Félagsmálaráðuneyti þar sem sveitarfélögum býðst að sækja um styrki til eflingar á félagsstarfi ungmenna og eldri borgara. Verkefnið er eitt af úrræðum ráðuneytisins vegna Covid 19. Sveitarstjóra falið að ganga frá umsóknum.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

- 13. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi - Klettholt, umsögn sveitarstjórnar vegna rekstrarleyfis**
Lögð fram umsókn frá sýslumanninum á Suðurlandi þar sem óskað er umsagnar Flóahrepps vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Klettholti frá Klettahlíð ehf kt. 490209-1070. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umbeðið rekstrarleyfi með fyrirvara um athugasemdarlausar umsagnir frá öðrum umsagnaraðilum. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 14. Stóri plokkgagurinn 24. apríl 2021 – þátttaka Flóahrepps**
Lagt fram erindi frá Meðbyr ehf um „Stóra plokkgaginn“ sem verður haldinn hátíðlegur fjórða árið í röð 24. apríl næstkomandi. Flóahreppur samþykkir að taka þátt í viðburðinum og miðar þátttökukostnað við leið nr. 1, og framlag til verkefnisins kr. 125.000. Verkefnið sameinar bæði útiveru og heilsusamlega hreyfingu í fallegu umhverfi sveitarinnar. Sveitarstjórn Flóahrepps hvetur íbúa þess vegna til þess taka þátt í því af krafti. Tilvalið er að huga að nærumhverfi sínu, bæjarhlæði og heimreið ásamt vegsvæðum tengivega og sameina um leið heilsusamlega hreyfingu. Minnt er á opnunartíma móttökustöðvarinnar í Hrísmýri ef mikið safnast af plasti, pappír eða öðru hráefni. Íbúar eru minntir á að huga vel að persónulegum sóttvörnum. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 15. Staða garðyrkjunáms á Íslandi**
Lögð fram bókun Bláskógarbyggðar varðandi stöðu garðyrkjunáms á Íslandi. Oddviti fór yfir stöðu garðyrkjunáms á Íslandi en ágreiningur hefur verið um fyrirkomulag á rekstri starfsstöðvarinnar á Reykjum í Ölfusi. Töluverð umræða varð um málið. Sveitarstjórn Flóahrepps telur brýnt að tryggja það að áfram verði boðið upp á metnaðarfullt garðyrkjunám, jafnframt því sem unnið er að nýsköpun í greininni og lýsir yfir stuðningi við álit skólameistara FSU sem ...*“vill sjá skýra stefnu um uppbyggingu á húsakosti Reykja (með góðum geymslum, vinnsluástöðu og gróðurhúsi) til að hægt sé að sinna námi og rannsóknnum að kostgæfni ásamt því að sinna umhverfinu á þeirri umfangsmiklu jörð sem skólinn er staðsettur á.”* Bókun sveitarstjórnar samþykkt með 5 atkvæðum.
- 16. Ullarvika 2021 – erindi frá undirbúningshópi**
Margrét Jónsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu málsins. Lagt fram erindi frá undirbúningshópi með Ullarviku á Suðurlandi, en viðburðinum var frestað árið 2020 vegna samkomutakmarkana. Endurnýjuð er umsókn um endurgjaldslaus afnot af félagsheimilinu Þingborg á meðan viðburðurinn stendur yfir. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með 4 atkvæðum.
- 17. Styrkbeiðni – Dýraverndunarfélagið Villiketir**
Lagt fram erindi frá Dýraverndunarfélaginu Villiketum, styrkbeiðni vegna starfseminnar. Sveitastjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu. Samþykkt með 5 atkvæðum.
- 18. Sameiginlegur seyrurekstur**
Lögð fram gögn vegna sameiginlegs seyrureksturs sveitarfélaganna, Ásahrepps, Bláskógarbyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- a) **Endurnýjun samstarfssamnings**
Lagður fram endurnýjaður samstarfssamningur sveitarfélaganna um verkefnið. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi samning með 5 atkvæðum.
- b) **Skiptayfirlýsing**
Lögð er fram skiptayfirlýsing vegna fasteignarinnar Flatholt 2, Flúðum Hrunamannahreppi. Hluttur Flóahrepps í sameigninni er 5 %. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum fyrirbyggjandi skiptayfirlýsingu en gerður er fyrirvari um leiðréttingu á númeri lóðar og fastanúmeri fasteignar

c) Starfslýsing þjónustufulltrúa

Lögð fram starfslýsing fyrir þjónustufulltrúa seyruverkefni.
Engar athugasemdir eru gerðar við starfslýsingu þjónustufulltrúa.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Lóðaleigusamningur – Flatholt 2 iðnaðarlóð

Lagður fram lóðaleigusamningur um lóðina Flatholt 2. Leigusali er Hrunamannahreppur kt. 640169-2309. Leigutakar eru aðildarsveitarfélög að seyruverkefninu samkvæmt samningi hér að framan (18 a)
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi lóðaleigusamning en gerður er fyrirvari um leiðréttingu á landnúmeri lóðar og fastanúmeri fasteignar
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra/oddvita að skrifa undir samstarfssamninginn, lóðarleigusamninginn og skiptayfirlýsinguna.

19. Ársreikningur fyrir Flóaljós 2020

Lagður fram til kynningar ársreikningur Flóaljóss fyrir árið 2020.

20. Ársreikningur Flóahrepps 2020 – fyrri umræða

Lagður fram til fyrri umræðu ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2020.
Auðunn Guðjónsson endurskoðandi KPMG mætti til fundarins og fór yfir helstu atriði ársreiknings og endurskoðunarskýrslu.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að vísa ársreikningi Flóahrepps fyrir árið 2020 til síðari umræðu.

21. Frá Alþingi til umsagnar:

- a) Frumvarp til laga um brottfall laga um Kristnisjóð o.fl., nr. 35/1970, með síðari breytingum
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- b) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (beiting nauðungar), 563. mál
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- c) Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, 585. mál
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- d) Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað (áfengisgjald, sala áfengis á framleiðslustað), 495. mál
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- e) Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (borgarafundur, íbúakosningar um einstök mál), 491. mál
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- f) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000 (fjölgun jöfnunarsæta) 496. mál
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- g) Frumvarp til laga um almannavarnir (almannavarnarstig o.fl.), 622. mál
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- h) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísanir, dvalar- og atvinnuleyfi), 602. mál
Frumvarpið er lagt fram til kynningar.
- i) Tillaga til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál
Tillagan er lögð fram til kynningar.

22. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 246, dags. 09.03.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 127, dags. 16.03.2021
Í fundargerðinni er eftirfarandi vísað til sveitarstjórnar:

Vegna Flóaskóla:

1) Skipulag skólaaksturs með tilliti til búsetu nemenda.

Nokkur börn með lögheimili í Árborg stunda nám í Flóaskóla. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar varðandi forgang í skólaakstri.

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt námsvist í Flóaskóla fyrir nemendur frá Árborg með þeim fyrirvara að ekki komi til aukakostnaðar vegna skólaaksturs. Nemendur sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu hafa því forgang við skipulag akstursleiða. Mögulegt er að nemendur frá Árborg geti nýtt laus sæti ef þau eru til staðar þegar nemendum sem eru búsettir í sveitarfélaginu hafa verið tryggð sæti, frá lögheimili til og frá skóla.

Sveitarstjórn tekur undir með fræðslunefnd um að skerpa þarf línur varðandi akstursleiðir bílstjóra. Skipulag skólaaksturs byggir á því hvar nemendur eiga lögheimili, allt annað byggir alfarið á samkomulagi við skólabílstjóra og því að nemendum með lögheimili í Flóahreppi sé tryggður akstur til og frá þeim stað sem þau eiga lögheimili hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur sitji ekki lengur í skólabíl en nauðsyn krefur. Minnt er á að vegir í sumarhúsahverfum eru ekki í umsjón Vegagerðarinnar og engum snjómokstri er sinnt þangað af hálfu Vegagerðar eða sveitarfélags.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

Vegna Krakkaborgar

1) Í ljósi þess að fæðingarorlof var lengt upp í 12 mánuði frá og með 1. janúar 2021 þarf að endurskoða inntökuskilyrði í Krakkaborg.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að frá og með 1. október skuli inntaka nýrra nemenda í Krakkaborg miðast við 12. mánaða lágmarksaldur eða þann tíma þegar fullu fæðingarorlofi beggja foreldra er lokið. Undantekningar frá þeirri meginreglu þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Stýrihóps Flóahrepps um „Heilsuefndi samfélag“

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fundargerðina sem er nr. 1 í nýjum starfshópi.

Ákvörðun um breytingu á fjárhagsáætlun vegna nefndarlauna er vísað til vinnu við frágang á viðauka 1 við fjárhagsáætlun ársins 2021. Gert er ráð fyrir að viðbót verði mætt með lækkun á eigin fé.

d) Stjórnar UTU nr. 83, dags. 24.02.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar UTU nr. 84, dags. 10.03.2021

Eftirfarandi þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar:

1) Drög að samþykktum UTU vegna stöðuleyfa:

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi drög.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2) Drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirleggjandi drög.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Oddvitanefndar UTU dags. 10.03.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

g) Skólaþjónustu-og velferðarnefndar Árnesþings nr. 47 dags. 10.03.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

h) Byggingarnefndar Búðarstígs 22 nr. 10 dags. 09.02.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

i) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr.19, dags. 15.03.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

j) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 210, dags. 12.03.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

k) Stjórnar SOS nr. 300, dags. 22.02.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

l) Stjórnar Bergrisans nr. 27, dags. 03.03.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

m) Stjórnar Bergrisans nr. 28, dags. 19.03.2021

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

- n) Stjórnar SASS nr. 568, dags. 24.03.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- o) Stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga nr. 45. dags. 12.03.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- p) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 896, dags. 26.03.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- q) Samstarfshóps um svæðisskipulag Suðurlandis nr. 5, dags. 02.02.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
- r) Samstarfshóps um svæðisskipulag Suðurlandis nr. 6, dags. 23.03.2021
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

23. Efni til kynningar:

- a) Frá Umf. Þjótanda – yfirlit vegna ársins 2020
- b) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili
- c) Frá Samtökum iðnaðarins – áskorun til sveitarfélaga endurákvörðun stöðuleyfisgjalda
- d) Frá Félagsmálaráðuneytinu, Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19 – stöðuskýrsla nr. 11 til ráðgefandi aðila
- e) Frá Félagsmálaráðuneytinu, Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid 19 – stöðuskýrsla nr. 12 til ráðgefandi aðila
- f) Upplýsingar frá Lex lögmönnum vegna endurskoðunar Flóahrepps 2020

24. Önnur mál:

Erindi frá atvinnu- og umhverfisnefnd

Lagt fram erindi frá atvinnu- og umhverfisnefnd Flóahrepps þar sem bent er á möguleika sveitarfélagsins til þess að sækja um styrk til þess að efla hringrásarhagkerfið. Hugmyndin snýst um að fjármagna kaup á söfnunarbíl til þess að sækja rúlluplast til íbúa í Flóahreppi. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar nefndinni fyrir áhuga á málefninu en sér ekki fært að fara í verkefnið og telur umfang þess ekki vera þess eðlis að það standi undir rekstarkostnaði. En hafi fólk aðrar hugmyndir óskar sveitarstjórn eftir því að fá þær sendar. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Arni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Margrét Jónsdóttir (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)

Fundargerð nr. 5 - Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur og „Teams“ fjarfundakerfi
Fundardagur:	miðvikudagur 21. apríl 2021
Fundartími:	13:00 – 14:
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Heimir Rafn Bjarkason Stefán Geirsson Börkur Brynjarsson tæknifræðingur Hvata ráðgjöf Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið nr. 1. Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson stýrði fundi.
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

1. Kynding í Flóaskóla

Staðan góð, ofnakerfið búið að malla á nýju varmadælunni í nokkrar vikur. Heldur uppi góðum hita. Það tefur aðeins fyrir við að taka út árangur að erfitt er að halda stillingum á ofnum stöðugum. Búið að taka varmadæluna út úr kyndingunni að mestu leyti en hún var á sér túpu. Túpan fyrir kyndingu hefur verði aftengd.

Bæta þarf varmaskipti við loftræstikerfið og þá er hægt að tengja það inn á varmadæluna líka. Árangur er jafnvel betri en gert var ráð fyrir í upphafi.

Næsta verkefni er að skipta út rafmagnsofnum í elsta hluta skólans sem nú er í notkun. Meta þarf kostnað við varmaskiptinn og breytingar á ofnakerfi. (rafmagns/vatnssofnakerfi)

Tillaga um að viðauki yrði gerður við fjárhagsáætlun og miðað við að verkinu lyki á þessu ári.

2. Veitur og innviðir:

Árni lagði fram upplýsingar og gögn um svæði þar sem landeigendur hafa óskað eftir að skoðun á og þurfa síðan í skipulagsferli. Samtals er um að ræða allt að 80 íbúðarlóðir á fjórum stöðum í sveitarfélaginu. Berki falið að skoða möguleika vatnsveitunnar til þess að anna þessari uppbyggingu. Taka þarf tillit til þessara verkefna við styrkingu veitunnar. Börkur benti á að búgarðabyggðir eru tiltölulega vatnsfrekar ef gert er ráð fyrir búfjárhaldi eða gróðurhúsum á svæðinu. Framkvæmdir standa yfir við að styrkja stofn frá Þingdal sem annar fyrstu árum þessarar uppbyggingar.

Varðandi Flóaljós þá er einhver forði til staðar. Hægt er að skipta um ljósleiðarastrengi í rörum ef núverandi strengir anna ekki lengur uppbyggingu en því fylgir aukinn kostnaður og þarf að greina nánar ásamt því hvernig kostnaði yrði skipt.

Úrbætur á svæði sem spannar jarðirnar í Hnaus – og nágrenni – lítill þrýstingur og of lítið magn eins og staðan er nú. Ný lögn er komin að 360 ° sem starfsmenn Vatnsveitu segja nægilega svera (75) til þess að bæta ástandið en það þyrfti að framlengja hana.

Tillaga um fá Börk til þess að skoða aðstæður, rýmdina í veitukerfum, og áætla kostnað við framkvæmdir í Hnaus til þess að tryggja eldri byggð á því svæði fái nægilegt vatn.

3. Skipulagsmál:

Aðalskipulag Flóahrepps:

Rætt um skilmála aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029, þar sem fjallað er um að gefa ekki leyfi á nýja íbúðarbyggð meðan nýting á þeim skipulögðu svæðum sem eru til staðar er lítil.

Uppbyggingin styrkir tekjustofna sveitarfélagsins og því verður að skoða alla uppbyggingu með jákvæðum huga. Breyta þyrfti þessum skilmálum aðalskipulags þannig að þeir komi ekki í veg fyrir uppbyggingu sérstaklega þar sem land hentar jafnvel ekki til landbúnaðar.

Lóðamál:

Skoða þarf skipulag á svæði sveitarfélagsins í Þingborg og Heiðargerði. Áfangaskipta þyrfti uppbyggingu íbúðalóða og bjóða upp á fleiri húsagerðir en eru á núverandi skipulagi. Tillaga um að oddviti og sveitarstjóri hafa samband við stofur og leiti tilboða.

4. Samstarf um vatnsöflun – erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi:

Rætt um erindi frá Grímsnes- og Grafningshreppi til Flóahrepps, sent til þess að kanna áhuga Flóahrepps á samvinnu um sameiginlega vatnsöflun við Kaldárhöfða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nefndin telur að í þessu liggi tækifæri fyrir Flóahrepp og óskar eftir að það verði skoðað með jákvæðum hug. Ef af verður þarf að ramma inn samkomulag um verkefnið.

Sveitarstjórn mun taka málið fyrir á næsta fundi og afgreiða erindið.

5. Önnur mál:

Rætt um raflagnir í Flóahreppi sem enn eru ofanjarðar og nauðsyn þess að hvetja veitufyrirtækin til þess að koma raflögnum í jörð. Á þessum árstíma eru tíðar rafmagnstruflanir vegna þess að álfir á flugi lenda í árekstrum við raflínur og slá út rafmagni um leið, með tilheyrandi álagi á rafmagnstæki og óþægindum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 14:

Minnispunktur fundar Flóahrepps með fulltrúum Flóaáveitu

Fundartími klukkan 11:00 dags. 21.04.2021.

Fundarstaður: Fundarsalur Flóahrepps og „Teams“ fjarfundakerfi

Mættir:

Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps

Guðni Ágústsson Flóaáveitu

Guðmundur Stefánsson Flóaáveitu

Björn Harðarson Flóaáveitu

Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna hjá Flóahreppi

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps

Árni setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Eydís ritaði minnispunkta fundar.

Farið var yfir verkefni sem þarf að vinna vegna móttöku ferðamanna að inntaksmannvirki Flóaáveitu við Hvítá. Rætt um kostnað og skiptingu hans og ábyrgð á framkvæmd verkefna:

Bílaplan - Girðingar og vatn fyrir búfé:

Ef bílaplan er afmarkað með girðingu og ristarhliði er það eina girðingin sem þarf að girða og ekki þarf að bora fyrir vatni. 2 – 3 hlöss af mól þarf til þess að auðvelda gjafir hrossa og að reiðleið sé áfram greið í gegnum svæðið. Árni deildi korti með hugmynd að útfærslu. Fundarmenn sátir við lausnina en ræða þarf við landeigendur.

Endurnýjun á upplýsingaskilti og merking á aðkomuvegi:

Undirstöður fyrir skiltin verði færðar inn í afgirta bílaplanið um leið og girðingin verður sett upp.

Gott skilti þarf á Brúnastaðaveg við aðkomuvegin. Flóaáveitufélagið tekur að sér að sjá um að láta endurvinna skilti við Flóðgátt og önnur skilti sem þörf er á.

Nafn á aðkomuveg:

Uppástunga um nafnið „Þórsvegur“ til heiðurs Þór Vigfússyni. Flóaáveitufélagið sækir um til sveitarstjórnar og setur málið af stað og í opinberan feril

Ristarhlið:

2 eru í hendi fyrir sanngjarnt verð, og það þriðja innan seilingar. Útvega þarf keðjur til þess að hafa yfir ristarhliðin að vetri til. Flóahreppur sér að kosta þau og um að koma þeim fyrir

Safn um Flóaáveitu í nýjum miðbæ á Selfossi:

Rætt um þau tækifæri sem felast í staðsetningu safns í nýjum miðbæ á Selfossi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og fundi slitið klukkan 11:30.

Minnispunktur fundar Flóahrepps með fulltrúa sumarhúsaeigenda í Mörk og Merkurhrauni klukkan 9:00 dags. 21.04.2021.

Mætt:

Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri Flóahrepps

Margrét Ólafsdóttir fulltrúi sumarhúsaeigenda.

Árni setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Eydís ritaði minnispunkta

Farið yfir málið í heild og Margrét lét vita af því að hún hefði umboð sumarhúsaeigenda á svæðinu fyrir þessu samtali.

Fullur viljið er fyrir því að óska eftir því að hverfið færi í nokkurs konar „blandaða byggð“ en óvíst hvort það fengist samþykkt skv. upplýsingum frá skipulagsstofnun.

Fulltrúa sumarhúsaeigenda falið safna saman upplýsingum um þá aðila sem óska eftir aðalskipulagsbreytingu sem felur í sér að frístundalóð verði breytt í íbúðarlóð.

Skilyrði fyrir því að Flóahreppur geti farið í aðalskipulagsbreytingu er að þær lóðir sem óskað er eftir breytingu á myndi samfelldan fleka sem liggja að landbúnaðarsvæði/íbúðasvæði. Um þetta þarf að vera samstaða og að erindi frá sumarhúsaeigendum til sveitastjórnar fylgi undirritun allra þeirra lóðaeigenda/lóðanúmer sem málið varðar og hugsa sér að sækja um þessa breytingu.

Í kjölfar þess gæti Flóahreppur gert breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem fælist í því að frístundalóðum yrði breytt í íbúðalóðir og Flóahreppur myndi greiða kostnað af þeirri vinnu. Sumarhúsaeigendur þyrftu aftur á móti að leggja fram nýtt deiliskipulag fyrir svæðið á forsendum íbúðarbyggðar og þeirrar þjónustu sem íbúðabyggð fylgir. Kostnaður sem því fylgdi yrði greiddur af sumarhúsaeigendum.

Árni ætlar að hafa samráð við Kolbein sem er eigandi hluta af aðliggjandi svæði og skráður eigandi af því svæði sem liggur undir vegum á svæðinu sem tilheyrir Merkurhrauni.

Ákveðið að halda fund með skipulagsfulltrúa þegar búið er að safna undirrituðum gögnum og vilji fasteignaeigenda á umræddu svæði liggur fyrir. Skoða þarf hvaða skilmálar yrðu settir í deiliskipulag svæðisins hvað varðar t.d. byggingarmagn á lóð/nýtingarhlutfall lóðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 9:25.